



Undantekningar frá Kröfulýsingu velferðarráðuneytisins fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými

Útg. III, september 2016

Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými

Gildissvið

Kröfulýsingin á við um öll hjúkrunarrými og dvalarrými óháð rekstraraðila.

Hlutverk kröfulýsingarinnar er að vera kröfuskjal með lágmarkskröfum sem velferðarráðuneytið gerir til allra þeirra aðila sem reka hjúkrunarrými og dvalarrými og um þá þjónustu sem þar skal veita.

Til viðbótar kröfum í þessari kröfulýsingu koma faglegar lágmarkskröfur og fyrirmæli Embættis landlæknis, sbr. II kafla laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, og reglugerð nr. 786/2007, um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur.

Í sérstökum tilvikum getur ráðuneytið eða annar aðili í umboði þess heimilað, að ósk stofnunar, tímabundnar undantekningar frá einstökum kröfum í kröfulýsingunni. Slíkar undantekningar geta komið til vegna aðstæðna á þjónustusvæði rekstraraðila, stærðar rekstrareiningar eða annarra atriða sem ráðuneytið telur nauðsynlegt að taka tillit til.

Þær kröfur sem hér eru settar fram eru sérstaklega afmarkaðar í texta kröfulýsingarinnar. Hver krafu hefur númer og heiti og mynda númerin eina samfellda röð, óháð kaflaskiptingu kröfulýsingarinnar.

Kröfulýsingin skal lögð til grundvallar þegar úttektir eru gerðar á starfsemi rekstraraðila og er auk þess fylgiskjal með samningi.

Kröfulýsing þessi tekur gildi 1. janúar 2017.



Heimild til tímabundinna undantekninga frá kröfulýsingu fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými sbr. 4. málsgrein í kaflanum *Gildissvið*.

Eftirfarandi kröfum er hægt að gera tímabundnar undantekningar frá:

Krafa: 3 að hluta.

3. Hjúkrun.

Hjúkrunarfræðingur, með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn, og með menntun eða starfsreynslu á sviði öldrunarhjúkrunar eða stjórnunar skal vera ábyrgur fyrir yfirstjórn hjúkrunarþjónustu við íbúa.

Hjúkrunarfræðingur, með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn, skal vera ábyrgur fyrir hjúkrunarþjónustu við íbúa.

Einungis verði skoðað með undanþágu til ákveðins tíma varðandi þann hluta kröfunnar sem snýr að kröfu um menntun og starfsreynslu á sviði öldrunarhjúkrunar eða stjórnunar hjá þeim sem er ábyrgur fyrir yfirstjórn hjúkrunarþjónustu við íbúa. Ef slíkt tilfelli kemur upp þá verði það skoðað og fundinn leið til að koma til móts við þennan hluta með því t.d. að viðkomandi fari á námskeið eða í starfspjálfun hjá öðrum hjúkrunarstjórnum meðan viðkomandi öðlast reynslu í starfi á sviði öldrunarhjúkrunar eða stjórnunar.

Krafa: 5

5. Sjúkraþjálfun.

Sjúkraþjálfari, með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn, skal vera ábyrgur fyrir sjúkraþjálfun íbúa.

Heimilt er að veita undanþágu frá ofangreindri kröfu til ákveðins tíma meðan rekstraraðili reynir að fá sjúkraþjálfara til starfa. Ef ekki er hægt að fá sjúkraþjálfara til starfa við heimilið þá verði athugað með að fá sjúkraþjálfara til tímabundins starfs á heimilið með vissu millibili eða aðrar leiðir fundnar til að tryggja þjónustuna.

Krafa: 6

6. Iðjuþjálfun.

Iðjuþjálfari, með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn, skal vera ábyrgur fyrir iðjuþjálfun íbúa.

Heimilt er að veita undanþágu frá ofangreindri kröfu til ákveðins tíma meðan rekstraraðili reynir að fá iðjuþjálfara til starfa. Ef ekki er hægt að fá iðjuþjálfara til starfa við heimilið þá verði athugað með að fá iðjuþjálfara til tímabundins starfs á heimilið með vissu millibili eða aðrar leiðir fundnar til að tryggja þjónustuna.



Krafa: 47

47. Endurhæfing/þjálfun.

Íbúar á hjúkrunarheimili skulu eiga kost á þjálfun til að viðhalda og auka hreyfifærni og vitræna getu og draga úr verkjum. Einnig skulu þeir eiga kost á endurhæfingu til að endurheimta fyrri færni eftir veikindi og áföll. Endurhæfing/þjálfun skal vera á ábyrgð sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga eftir atvikum og árangur metinn með reglubundnum hætti.

Ef rekstaraðili fær tímabunda undanþágu vegna kröfu 5 og 6 þá mun hann ekki geta veitt þjónustu samkvæmt kröfu 47. Varðandi úrlausn vísast til kröfu 5 og 6 eða annarrar einstaklingsmiðaðar lausnar.

Krafa: 57

57. Yfirumsjón með framleiðslu fæðis.

Yfirumsjón með framleiðslu fæðis skal vera í höndum næringarrekstrarfræðings, sbr. reglugerð nr. 1108/2012, um menntun, réttindi og skyldur næringarrekstrarfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, eða aðila með sambærilega menntun.

Þeir aðilar sem teljast með sambærilega menntun eru:

- ▶ Næringarfræðingur sem hefur viðbótarnám í rekstri.
- ▶ Næringarráðgjafi sem hefur viðbótarnám í rekstri.
- ▶ Matvælafræðingur sem hefur viðbótarnám í rekstri.
- ▶ Matreiðslumeistari sem hefur viðbótarnám í næringarfræði og rekstri.

Heimilt er að veita undanþágu frá kröfu 57 í ákveðinn tíma meðan næringarfræðingur, næringarráðgjafi, matvælafræðingur eða matreiðslumeistari aflar sér þess viðbótarnáms sem er krafist.

Auk þess er til loka árs 2018 gefin heimild til þess að yfirumsjón með framleiðslu fæðis sé í höndum matreiðslumeistara eða matreiðslumanns með sveinspróf sem hefur aðgang að næringarrekstrarfræðingi eða næringarfræðingi við samsetningu matseðla.

Eftirfarandi kröfum er ekki hægt að gera undantekningar frá:

Krafa: 1, 2, 3 (einungis að hluta, sjá hér framar), 4, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 48, 49, 50, 51, 52, 53, 54, 55, 56, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 78, 79.

Velferðarráðuneytinu, 08.02.2017